



57. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 18. september, 2003, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Staða fjármála.
3. Erindi frá Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi.
4. Erindi frá Markaðsskrifstofu Ferðamála á Norðurlandi.
5. Bréf frá FSNV vegna starfsmenntaverkefnisins "Learning Community" á Hofsósi.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.

- a. Stýrihópur í atvinnumálum. Við mótun framtíðarsýnar Blönduóssbæjar var ákveðið að stofna til stýrihóps í atvinnumálum þar sem í ættu sæti m.a. aðilar úr atvinnulífinu. Bæjarstjóri gerir tillögu um að eftirfarandi aðilar eigi sæti í stýrihópi:

1. Sigurður Jóhannesson
2. Lúðvík Vilhelmsson
3. Guðný Sigurðardóttir
4. Valdimar Guðmannsson
5. Jóna Fanney Friðriksdóttir

Bæjarráð samþykkir tillögu þessa en leggur til að einnig verði fenginn aðili úr opinbera geiranum í stýrihópinn.

2. Staða fjármála.

a. Yfirlit úr aðalbók – umræðum frestað á síðasta fundi bæjarráðs.

Umræður urðu um fjármál sveitarfélagsins. Bæjarstjóri greindi frá því að miðað við fjárhagsáætlun ársins væri ljóst að tekjur yrðu lægri en áætlað var. Ástæður þessa felast aðallega í ofátæluðum útsvarstekjum sem stuðst er við skv. upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga ár hvert og jafnframt er framlag Jöfnunarsjóðs þó nokkuð lægra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Lagði hún jafnframt fram minnispunkta um helstu atriði sem endurskoða þyrfti í fjárhagsáætlun þessa árs.

Bæjarráð felur bæjarstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusvið að vinna að endurskoðaðri áætlun 2003.



3. Erindi frá Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi.

Tillaga er frá Pétri Jónssyni, framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi um að sveitarfélagið setji upp myndastytturarnar "Húnarnir" eftir Guðmund frá Miðdal á náttúrusteina við suð-vestur horn brúarinnar yfir Blöndu við Þjóðveg 1. "Húnarnir" voru áður staðsettir á hliðstólpum við innkeyrsluna að sjúkrahúsinu. Bæjarráð lýsir ánægju með erindið og felur tæknifræðingi að vinna að undirbúningi verksins. Taka þarf tillit til kostnaðar við endurskoðun fjárhagsáætlunar.

4. Erindi frá Markaðsskrifstofu Ferðamála á Norðurlandi.

Bæjarstjórn samþykkti fyrr á árinu að ganga til samstarfs við Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi. Í erindi frá Kjartani Lárussyni sem staðið hefur að undirbúningi stofnunar skrifstofunnar fylgja drög að samskonar samningi og Akureyrarbær gekk nýverið frá við Markaðsskrifstofuna. Bæjarráð felur bæjarstjóra að undirrita samninginn.

5. Bréf frá FSNV vegna starfsmenntaverkefnisins "Learning Community" á Hofsósi.

Boðað er til fundar í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra hinn 26. september nk. þar sem fram fer kynning á starfsmenntaverkefninu *Breytum byggð* en verkefnið fékk á sínum tíma styrk frá Evrópusambandinu. Lagt fram til kynningar.

6. Önnur mál.

a. Skólaakstur nemenda í fjölbrautarskólann á Sauðárkróki.

Bæjarstjóra falið að eiga fund með sveitastjórum Húnaþings vestra og Höfðahrepps til að kanna með nánara samstarf um akstur þessara nemenda og leggja fram tillögur á næsta fundi bæjarráðs.

b. Málþing um rannsóknir og menntun á landsbyggðinni.

Fyrirhugað er málþing á vegum rektors Háskóla Íslands í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um fræðastarf sem þátt í atvinnustefnu byggðarlaga. Málþingið er haldið 25. september nk í HÍ. Lagt fram til kynningar.

c. Samningur um leikskólakennaranám.

Bæjarstjóri tjáði að beiðni hafi komið frá þeim starfsmönnum leikskólans Barnabæjar sem stunda leikskólakennarnám að fyrirbyggjandi samningur vegna stuðnings Blönduóssbæjar við leikskólakennaranám verði endurskoðaður þar sem stendur *"Námsmaður skuldbindur sig til að vinna jafnlengi við Leikskólann Barnabæ eftir að námi lýkur og nemur stuðningstímanum ellegar endurgreiða námsstyrkinn..."* Óskað er eftir að bæjarráð endurskoði þessa grein þar sem námið stendur yfir í 4 ár og óskað eftir að í samningi skuldbindi þær sig til tveggja ára eftir að námi lýkur. Bæjarráð samþykkir breytinguna.



- d. **Fyrirspurn Ágúst Þórs.** Á síðasta fundi bæjarráðs, 12. september sl. óskaði Ágúst Þór Bragason eftir skriflegu svari við eftirfarandi fyrirspurn vegna framkvæmda á verklagsreglum húsnæðisnefndar. *“Hver annast eftirlit með framkvæmd reglnanna, m.a. að viðkomandi hafi gengið frá lögheimilisflutningi við afhendingu leiguíbúðanna?”*

Bæjarstjóri lagði fram eftirfarandi svar vegna fyrirspurnar Ágúst Þórs: *Sviðsstjóri fræðslu-, félags- og menningarsviðs er starfsmaður húsnæðisnefndar og annast því eftirlit með framkvæmd reglnanna.*

Ákveðið að bæjarráð komi saman til næsta fundar nk. þriðjudag 23. september kl. 17:30.

***Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 19:50***

Hjördís Blöndal (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)